

**Samkomulag um rekstur og starfsemi í
þjónustumiðstöð
Kópavogsbæjar í Boðarþingi**

Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur og Sjómannadagsráð (hér eftir nefnt DAS) kt. 570269-2679, Reykjavík, vegna Hrafnistu, Kópavogi, gera með sér samkomulag um tiltekna starfsemi sem fram fer í þjónustumiðstöð í Boðahringi 9, með tilvísan í 3. gr. rammasamnings sem undirritaður var þann 15. janúar 2009.

1 gr. Almennt

Kópavogsbær á og rekur fasteignina sem hýsir þjónustumiðstöðina við Boðahring númer 9 sem er húsnæði á þremur hæðum. Áfast þjónustumiðstöðinni eru fjórar 11 manna hjúkrunardeildir sem reknar eru af DAS. Tengdar þjónustumiðstöð með undirgangi eru leiguíbúðir Naustavara.

Í kjallara er sundlaug og búningaaðstaða fyrir sundlaugargesti, fótaaðgerðastofa, búningsherbergi fyrir starfsmenn Kópavogsbæjar, ásamt kaffikrök, snyrtingu, tveimur geymslum og þvottahúsi.

Á fyrstu hæð er móttaka, skrifstofur og aðstaða félagsmiðstöðvar Boðans, hárgreiðslustofa og snyrting.

Á annarri hæð er aðstaða fyrir dagdvöl, fundarherbergi, hreyfisalur, sjúkraþjálfun og meðferðarherbergi, skrifstofur og snyrting.

Kópavogsbær greiðir fastan kostnað af mannvirkinu, þ.e. fasteignagjöld, viðhald innanhús sem utan, tryggingar og afskriftir, auk þess greiðir Kópavogsbær orkukostnað, þ.e. rafmagn og hita. Til viðbótar innheimtir Kópavogsbær leigu til leigutaka vegna hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofu.

DAS greiðir kostnað vegna viðhalds og endurnýjunar á lausum búnaði sem er til staðar í þeim rýmum sem DAS er með afnot af samkvæmt samkomulagi þessu og almennan rekstrarkostnað vegna dagvaldar skv. 3.gr.

2 gr. Tilgangur samkomulags

Tilgangur samkomulags þessa er eftirfarandi:

1. Að skilgreina notkun á þjónusturýmum í þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar ásamt því að skilgreina hvernig rekstri og skiptingu á kostnaði vegna rýmanna er háttað.
2. Að skilgreina aðkomu að sameiginlegum verkefnum samstarfsaðila sem eru; snjómokstur, ræsting og öryggismál.
3. Að tryggja að samstarf, skipulag og framkvæmd þjónustu sé skilvirkt og skýrt.

3 gr.

Þjónusturýmin, afnot, rekstur og skipting kostnaðar

a. Sjúkraþjálfun og meðferðarherbergi.

DAS hefur umsjón með sjúkraþjálfun og meðferðarherbergi, þar sem veitt er þjónusta fyrir íbúa hjúkrunarheimilisins og þá einstaklinga sem búa í leiguíbúðum Naustavara. Hægt er að semja um þjónustu fyrir aðra en þá sem að framan eru taldir með samkomulagi við starfsmenn sjúkraþjálfunar.

b. Skrifstofur

DAS hefur afnot af þremur skrifstofum á annarri hæð fyrir starfsemi sína.

c. Hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofa

Þjónustan er öllum opin, en heimilisfólk á hjúkrunarheimili DAS Kópavogi hefur forgang að þjónustunni. Kópavogsbær hefur umsjón með innheimtu húsaleigu fyrir hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofu.

d. Búningsherbergi fyrir starfsmenn

DAS og Kópavogsbær nýta búningsaðstöðuna fyrir starfsmenn hjúkrunarheimilis eða Kópavogsbæjar.

e. Þvottahús

DAS hefur aðgang að aðstöðu og búnaði í þvottahúsi til að þvo og þurrka þvott frá dagdvöl og sjúkraþjálfun. Kópavogsbær og DAS skipta til jafns kostnaði vegna viðhalds og endurnýjunar á búnaði í þvottahúsi. Forstöðumaður Boðans og forstöðumaður Hrafnistu upplýsa hvorn annan um viðhald og endurnýjun á búnaði í þvottahúsi og gæta þess að kostnaður skiptist jafnt.

f. Boðinn, félagsmiðstöð eldri borgara

Þjónusta

DAS hefur aðgengi að þjónustu, afþreyingu og opnum viðburðum í Boðanum fyrir heimilisfólk hjúkrunarheimilisins, leiguíbúa Naustavara og gesti dagdvalar, að höfðu samráði við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar.

Eldri borgarar sem sækja félagsstarfið í Boðanum hafa aðgang að þeirri opnu afþreyingu sem er í boði á vegum DAS að höfðu samráði við forstöðumann Hrafnistu Boðapingi.

Mötuneyti

Hægt er að kaupa veitingar í mötuneyti Boðans samkvæmt gildandi verðskrá. Um leigu á sölum Boðans, gilda reglur sem samþykktar eru af deildarstjóra fristundadeildar um salarleigu í félagsmiðstöðvum Kópavogs.

Námskeið, salir

Forstöðumaður Boðans hefur milligöngu um skráningu á öll námskeið sem haldin eru á vegum Boðans ásamt skráningu í fundarherbergi, hreyfisal og aðra þá sali sem falla undir félagsmiðstöðina.

g. Hreyfisalur og fundarherbergi

DAS hefur aðgengi að aðstöðu í sal og fundarherbergi, svo fremi sem það rekist ekki á aðra fyrirfram skipulagða dagskrá eða námskeið á vegum Boðans.

h. Dagdvöl

Rekstur

DAS tekur að sér rekstur á 30 dagdvalarrýmum á annarri hæð þjónustumiðstöðvar. Um er að ræða vinnusal/borðsal, eldhús, hvíldaraðstöðu, skrifstofu og aðstöðu til böðunar. Dagdvalargestir hafa aðgang að þeirri þjónustu sem er í boði í þjónustumiðstöðinni í samráði við hlutaðeigandi aðila.

DAS greiðir laun starfsfólks og launatengd gjöld, bókhalds- og skrifstofukostnað, síma- og tölvukostnað, ræstingu og ræstingavörur, sem og annan breytilegan rekstrarkostnað er til fellur vegna starfsemi dagdvalarinnar. Hrafnista greiðir ekki leigu- eða afnotagjald af dagdvalarrýminu.

Húsnæðisgjald, samkvæmt reglugerð um daggjöld fyrir dvalarymi, dagdvalarrými og hjúkrunarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum greiðist til Kópavogsbæjar. Húsnæðisgjaldi er ætlað að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dagdvalarrýmum.

i. Sundlaugin í Boðapingi

Kópavogsbær sér um rekstur á sundlaug í Boðapingi. Kópavogsbær greiðir laun starfsfólks, launatengd gjöld, ræstingu og ræstingavörur og annan breytilegan rekstrar- og viðhaldskostnað. Laugin er í dag samnýtt sem skólasundlaug og almenningslaug opin eldri borgurum (67+). Einnig eru ýmis sundnámskeið í boði fyrir börn og fullorðna utan opnunartíma. Opnunartíma laugar má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar.

4. gr.

Verkefnahópur

Fulltrúar DAS og Kópavogsbæjar skipa verkefnahóp sem vinnur sameiginlega að eftirtöldum verkefnum innan þjónustumiðstöðvarinnar;

- a. Að rekstur, skipulag og framkvæmd þjónustu sé skilvirkt og skýrt,
- b. Að tryggja góða umgengni um húsið.
- c. Að tryggja hagkvæma nýtingu á rýmum,
- d. Að stuðla að góðum samskiptum og samstarfi.

Kópavogsbær tilnefnir þrjá aðila, einn aðila frá eftirtöldum sviðum: velferðarsviði, umhverfissviði og menntasviði. Að auki tilnefnir Kópavogsbær forstöðumann Boðans til setu í verkefnahópnum. DAS tilnefnir þrjá aðila í verkefnahópinn.

Fulltrúi velferðarsviðs Kópavogsbæjar er formaður hópsins og ber ábyrgð á fundarboðun og fundargerðum. Halda skal fundi tvisvar sinnum á ári þ.e. í september og maí, og oftár ef þörf krefur.

5. gr. Sameiginleg verkefni

a. Snjómokstur.

Snjóbræðslukerfi hússins er öflugt svo ekki þarf að jafnaði að láta moka planið. Kópavogsbær útvegar saltkistur sem báðir aðilar hafa aðgang að og dreifa salti eftir þörfum. Ef bílastæði fyllast af snjó hafa forsvarsmenn samráð um að fá aðila til að moka og er reiknað með jafnri kostnaðarskiptingu.

b. Ræsting

Kópavogsbær sér um og greiðir fyrir ræstingu í kjallara. Um er að ræða þau rými sem talin eru upp í 1. gr. Á annarri hæð ræstingu á hreyfisal og fundarherbergi og niður stiga að fyrstu hæð. Kópavogsbær sér einnig um og greiðir fyrir ræstingu á fyrstu hæð og niður stiga að kjallara. Um er að ræða þau rými sem talin eru upp í 1. gr.

DAS sér um þrif á skrifstofum, sjúkrahjálfun, meðferðarherbergi, snyrtingu og aðstöðu fyrir dagdvöl á annarri hæð hússins.

c. Öryggismál

Sameiginlega skal unnið að því að tryggja öryggi þeirra einstaklinga sem dvelja í húsnæðinu, hvort sem um er að ræða tímabundna dvöl eða dvöl til langframa.

Forstöðumaður Boðans og deildarstjóri Hrafnistu Kópavogi bera hvor um sig ábyrgð á því að í lok hvers vinnudags skuli þeim rýmum/vinnustöðvum sem ekki eru í notkun vera lokað.

Forstöðumaður Boðans og forstöðumaður Hrafnistu Boðapíngi bera hvor um sig ábyrgð á afhendingu lykla/aðgangskorta og skráningu þeirra fyrir þann stað sem þeir veita forstöðu.

Kópavogsbær greiðir kostnað vegna rekstrar, viðhalds og prófana á öryggiskerfi í Boðapíngi 9 og DAS greiðir kostnað vegna rekstrar, viðhalds og prófana á öryggiskerfi í Boðapíngi 5-7.

Halda skal sameiginlega rýmingaræfingu í Boðapíngi 5-9, annað hvert ár, þar sem æft er hvernig rýma á mannvirkið ef vá steðjar að. Kostnaður vegna skipulags og framkvæmdar æfingar greiðist til jafns af báðum aðilum.

Úttekt á brunakerfi fyrir hús númer 9 er greitt af Kópavogsbæ en Hrafnista sér um hús nr. 5-7.

6. gr.
Gildistími, uppsögn og eintök samnings

Samningurinn öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórnar Kópavogs, að fengnu samþykki stjórnar Sjómannadagsráðs. Gildistími er til 31. desember 2023.

Á tímabilinu getur hvor samningsaðili um sig sagt upp samningnum með 6 mánaða fyrirvara. Uppsögn miðast við mánaðamót.

Aðilar skulu hefja viðræður um endurskoðun samnings með tilliti til framlengingar tímanlega áður en samningstími lýkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili um sig einu eintaki.

Kópavogur xx.xxxx 2021

f.h.Kópavogsbæjar

f.h. Sjómannadagsráðs - DAS

Ármann K. Ólafsson
bæjarstjóri

Hálfdan Henrysson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskriftum:

Nafn kt.

Nafn kt.